

Umsókn um veðflutning á lífeyrissjóðsláni

Lántaki

Nafn skuldara	Kennitala
Heimili, póstrn.	
Netfang	Sími
Nafn samskuldara	Kennitala
Netfang	Sími

Upplýsingar um lán sem á að flytja

Lánveitandi	Upphafleg lánsfjárhæð	Útgáfudagur	Lánsnúmer

Veðflutningur

Ofangreint/greind lán óskast flutt af eigninni:
Yfir á eignina:

Fylgiskjöl með umsókn

<input type="checkbox"/> Veðbókarvottorð: Fæst hjá sýslumannsembættum. <input type="checkbox"/> Fasteigna- og brunabótamat: Fæst hjá Þjóðskrá Íslands. <input type="checkbox"/> Eftirstöðvar áhvílandi lána og önnur áhvílandi veðbönd: Síðustu greiðslukvittanir lána eða staðfesting frá lánveitanda. <input type="checkbox"/> Vottorð um smíðatryggingu frá tryggingafélagi og fokheldisvottorð frá viðkomandi byggingarfulltrúa (ef við á). <input type="checkbox"/> Undirritað kauptilboð / kaupsamningur (ef við á). <input type="checkbox"/> Greiðslumat (ef við á). Afrit af fylgigögnum vegna greiðslumats.

Leiði veðflutningur til þess að greiðslubyrði umsækjanda þyngist, áskilur sjóðurinn sér rétt til að meta greiðslugetu hans sem skilyrði fyrir því að taka umsóknina til meðferðar. Neikvætt greiðslumat kann að leiða til synjunar umsóknar.

Samþykki fyrir öflun og notkun lánshæfismats og fjárhagslegra upplýsinga

Ég undirrituð(aður)/við undirrituð veiti/veitum Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, kt. 450181-0489, fullt og ótakmarkað umboð til að óska eftir stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við nú stend/stöndum í við fjármálastofnanir og opinbera aðila þ.m.t. hvort þar séu vanskil eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið veitir jafnfram leyfi til að kalla eftir upplýsingum úr miðlægum gagnagrunnum sem kröfuhafar miðla fjárhagslegum upplýsingum um þig/ykkur í s.s. skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annarra sambærilegra aðila sem hafa leyfi til slíkrar gagnaöflunnar.

Umboð þetta veitir Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til framkvæmdar geiðslumats og ekki liggja þegar fyrir.

Ég undirrituð(aður)/við undirrituð samþykki/samþykkjum og heimili/heimilum að framangreindar upplýsingar verði sóttar og nýttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hefur sannanlega mótttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Staður, dagsetning

Staður, dagsetning

Undirskrift skuldara, kennitala

Undirskrift samskuldara, kennitala

Samþykkt af hálfu sjóðsins

Hafnað af hálfu sjóðsins